

Vefsíðunefnd Rótarýumdæmisins á Íslandi Skýrsla fyrir starfsárið 2013 – 2014

Nefndina skipa:

Ólafur Ólafsson, Rótarýklúbbum Reykjavík Grafarvogur, formaður,
Guðni Gíslason, Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar,
Paul Richardson, Rótarýklúbbi Reykjavík International.

Rótarýumdæmið tók í notkun nýjan samskiptavef árið 2008. Vefurinn byggir á öflugu félagakerfi, gagnagrunni og samtengdri heimasíðu umdæmisins og rótarýklúbba. Vefurinn er þriðja kynslóð umdæmisvefsins. Hefur félagakerfið gjörbylt skráningu funda, fundarboðun og tryggt að allar upplýsingar um félagana eru í einum tryggum gagnagrunni. Allir klúbbarnir fengu heimasíðu þar sem sjálfkrafa birtist félagatal og dagskrá framundan – sem skráð hefur verið í félagakerfið.

Meginverkefni 2013-2014

Endurbætur og þróun:

Meginverkefni vefsíðunefndar á starfsárinu 2013-2014 var að bæta skýrslugjöf og virkni félagakerfisins. Má þar nefna nýja skýrslu í félagakerfinu. Nú er hægt að sækja skýrslu á Excel formi með ítarlegum upplýsingum um hvern rótarýfélaga eftir klúbbi eða nefnd. Þá hefur skráningarkerfi fyrir viðburði, sem nú nær eingöngu er notað fyrir umdæmisþing verið verulega bætt og gerir alla úrvinnslu einfaldari.

Töluverður tími hefur farið í ýmsa aðstoð við klúbbana, bæði í tengslum við félagakerfið og heimasíðuhlutann.

Árleg skipti forystufólks gerir hlutina flóknari og mikilvægt er að klúbbar hugi að því að nýta þekkingu þeirra sem reynslu hafa og deila henni áfram. Sérstaklega er mikilvægt að hver klúbbur hafi einn eða fleiri sem læri vel á uppfærslu á heimasíðu klúbbsins og viðkomandi sé a.m.k. nokkur ár í einu við þau störf.

Til viðbótar við vinnu við vefsíðuna og félagakerfið heldur vefnefndin utan um póstkerfi umdæmisins sem keyrt er undir Google Apps og hefur reynst vel. Allir klúbbar hafa netfang sem hægt er að senda í og einn klúbbur er með netfang sem hann stýrir og getur einnig sent frá því. Klúbbanetföng vísa á netföng forseta og ritara hverju sinni.

Vefsíðunefnd vill benda rótarýfélögum á að félagakerfi umdæmisins á www.rotary.is og þar með heimasíður klúbba er mjög sterkt samskiptatæki, mál gagn og fréttamiðill og getur verið með til að gera klúbbastarfið meira lifandi og opið.

Leiðbeiningar:

Leiðbeiningar og ýmsan fróðleik má finna á www.rotary.is/rotaryklubbar/thjonusta/ Þar má finna ítarlegar myndskreyttar leiðbeiningar fyrir félagakerfið og einnig einfaldar leiðbeiningar fyrir vefumsjónarkerfið. Allt of algengt er að nýir notendur kerfisins lesi ekki leiðbeiningarnar né noti þekkingu sem safnast hefur upp í klúbbum frá því félagakerfið var tekið í notkun.

Námskeið og þjónusta:

Vefnefndin hefur verið boðin og búin að veita aðstoð og leiðbeiningar. Klúbbar og einstaklingar hafa nýtt sér að fá sérnámskeið auk þess sem fjölmörgum hefur verið veitt leiðsögn í gegnum síma eða í tölvupósti.

Áhersla hefur verið lögð á að klúbbar tryggi að myndir af félögum séu sendar inn í félagakerfið en Guðni hefur séð um að setja þær í réttar stærðir og hlutföll og koma þeim á vefinn. Þó viðbrögð hafi verið góð eru enn þó nokkuð margir sem fá eitt stórt spurningamerki við nafn sitt í stað fallegrar myndar. Þar má enn bæta.

Verðandi forsetar og ritara hafa fengið hvatningu og ábendingar um það hvað gera þurfi við stjórnarskipti auk þess sem unnið hefur verið með ritnefnd umdæmisins við að hvetja klúbba til að skrifa inn á heimasíður sínar.

Fulltrúi vefnefndar hefur leiðbeint viðtakandi forsetum og riturum klúbba um notkun félagakerfisins á árlegu fræðslumóti forseta og ritara.

Minningar- og heillaóskakort

Á heimasíðu umdæmisins er kerfiseining er skráir og tekur á móti pöntunum minningar- og heillaóskaskeyta. Skrifstofa umdæmisins sér um að útbúa kortið og senda til viðtakanda. Tekjur af sölu skeytanna rennur í Rótarýsjóðinn. Tengill á pöntunarsíðu er á forsiðu www.rotary.is

Framundan 2014-2015

Endurbætur:

Meðal næstu verkefna er:

- að gera síðuna aðgengilegri á snjallsímum og spjaldtölvum
- að breyta forsiðunni og aðlaga að nýju útliti rotary.org
- að bæta enskan hluta vefsins

Stefnt er að því að endurbæta vefsíðuna verulega og gera hana betur aðgengilega á snjallsímum og á spjaldtölvum. Jafnframt verður forsiða vefsins gjörbylt og þar bætt inn lifandi gögnum úr starfi Rótarý.

Stefnt er að því að rýna vefinn, bæði tæknilega með Hugsmiðjunni og efnislega með ritnefndinni sem getur leitt af sér einhverja uppstokkun á vefsíðunni.

Mikilvægi góðs vefs

Góður vefur hefur að miklu leyti tekið við af útgáfu á ritum og er í vaxandi mæli hjálpargagn í öllu félagsstarfi. Lifandi vefsíða er einnig mjög mikilvæg til að breiða út hugsjón Rótarýs og kynna starf rótarýklúbbanna.

Mikið framboð efnis á vefnum gerir það hins vegar að stöðugt er barist um lesendur. Því þarf að nota ýmsar aðferðir til að koma efni á vefsíðum fyrir sjónir lesenda. Facebook er góð leið til að ná til sem flestra og hefur reynt vel við að kynna starf Rótarýs. Rotary International er mjög virkt á Facebook og nýtir einnig vel Twitter og YouTube svo eitthvað sé nefnt.

Allar ábendingar og aðstoð er vel þegin við að koma boðskap Rótarýs fyrir sjónir sem flestra.

Facebook

Á Facebook er síða *Rótarý á Íslandi* og eru klúbbar hvattir til að deila efni af síðum sínum á þá síðu og rótarýfélagar hvattir til að deila efni af þeirri síðu á eigin síðu svo það komi fyrir sjónir sem flestra.

Þakkir

Öllum þeim notendum kerfisins sem hafa sent inn ábendingar er þökkuð aðstoðin.

1. október 2014.

Ólafur Ólafsson formaður